

## Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

---

**Til** : Laufey Helga Guðmundsdóttir  
**Frá** : Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
**Heiti** : Fundarboð frá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa til kæranda, föstudaginn 22. október  
**Málsnúmer.** : 2110006  
**Málsaðili** : Alþingi  
**Efnisflokkur** : Upplýsingar  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 22.10.2021  
**Skráningaraðili** : Skrifstofa Alþingis

Frá skrifstofu Alþingis  
Góðan dag.

Vísað er til fyrri samskipta í tilefni af kæru vegna kosninga til Alþingis 25. september sl. Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa vill bjóða eftirfarandi aðilum að koma fyrir nefndina nk. föstudaginn 22. október vegna kærunnar. Nefndin fundar í húsakynnum nefndasviðs Alþingis í Austurstræti 8-10 á 2. hæð, og gengið er inn frá Austurvelli.

### Kl. 10:00 - 11:30

Guðmundur Gunnarsson  
Rósa Björk Brynjólfssdóttir  
Hólmafríður Árnadóttir  
Sigurður Örn Hilmarsson f.h. kæranda  
Magnús Davíð Norðdahl

### Kl. 12:30 ? 13:15

Lenya Rún Taha Karim  
Karl Gauti Hjaltason

Á fundinum gefst kostur á að gera grein fyrir kærinni, svara spurningum nefndarinnar og eftir atvikum bregðast við þeim gögnum sem nefndin hefur aflað og varða kærana. Fundurinn verður tekinn upp í þeim tilgangi að unnt sé að endurrita hann og þar með gera þingmönnum mögulegt að kynna sér efni hans.

Þá er upplýst að öllum yfirkjörstjórnnum voru kynntar fram komnar kærur og óskað umsagna fyrir lok dags 19. september. Þær umsagnir sem hafa borist og önnur gögn eru birt á svæði nefndarinnar á vef Alþingis, sjá hlekk <https://www.althingi.is/thingnefndir/adrar-nefndir/undirbuningsnefnd-fyrir-rannsokn-kjorbrefa/erindi-til-nefndarinnar/>. Sé vilji til að koma viðbrögðum við framangreindum gögnum á framfæri við nefndina er þess óskað að það verði gert fyrir hádegi á mánudag, 25. október.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa,

### Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

skjalaritari  
skrifstofu Alþingis, nefndasviði  
150 Reykjavík  
sími 563-0421  
gsm 6934479  
[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

[Fyrirvari/Disclaimer](#)